

Fundur 23.10.2023 Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Finnst mér það stór dagur þegar baráttumál okkar þokast áleiðis og gleður það mig og í hjarta mínu glöð og er ég að eflast í framlífi og var það nú margt sem ég las um og átti í safni mínu og hafði ég kynnt mér þessar kenningar lítilega, en þótti mér sem það passaði ekki stöðu minni að taka að mér fleiri baráttu mál en eitt í einu og var ég auk þess ekki viss um að allt það stæðist sem fram kom í þessum ritum.

En aldrei hef ég þó verið kristinnar trúar, þannig að rækist á þessi sjónarmið og stóð ég ætíð með Palestínunönnum í deilum þeirra við Ísraels menn og hefur það hjálpað mér að mynda mér skoðun á því hvernig Jahve hefur att saman tveimur fylkingum sinna liðsmanna og skil ég það að vísu enn ekki hvernig það er mögulegt eða hver ástæðan er, en þannig mun það víst vera.

Og þannig er það víst betra að treysta á gömlu Goðin sem ég einnig hafð lært um vel og vandlega og þykir mér þar allt stórmerkilegt, en við Íslendingar fáum þar þetta forskot að skilja fornritin á okkar eigin móðurmáli og geta kennt það öðrum þjóðum.

Hef ég hér tekið við kennarastöðu í framlífi og er mér ekki að öllu ókunnugt um þau störf.

Og finn ég hér mikla mögnun í framlífi.

Já það voru mörg mistök gerð og maður þarf að leiðrétta þau og bæta sig og eru þau vissulega mörg deiluefni sem enn á eftir að útkljá og merkileg er sú æfi sem að baki er og tók ég þátt í mörgum deilum sem voru stjórnmálalegs eðlis og sé ég þó ekki eftir því. Fékk ég mikla lífsreynslu af því.

Þykir mér yndi af barnauppeldi og sinnti ég því fyrsta árið sem ég kom hingað á þennan framlífs hnött, að vera þeim til halds og trausts og kynna mér starfsemi þeirra sem sinna barnauppeldi og staðgöngumæðrun fyrir þær á jörðinni sem fóru í fóstureyðingu.

Og varð ég þannig að læra hvað það var í baráttustörfum okkar sem sinntum þessu forystuhlutverki á jörðinni var rangt og mátti betur fara.

Eru það margir á jörðinni sem ég sakna enn, en voru umskiptin góð, og mikil var undrunin að þetta skyldi vera svona líkamlegs eðlis en ekki öðruvísi og það skyldi vera líf eftir dauðann yfirleitt.

Á mínum yngri árum voru kommúnistarnir þeirrar skoðunnar að að trúin væri ópíum fyrir fólkið og að ekki ætti að leggja trúnað á slíkt. Og fór ég þó eitthvað að skipta um skoðun með árunum.

Ætla ég nú að reyna að segja nafn mitt, Íslendingur, íslensk kona, Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur.

*Vertu velkomin, þú varst hissa þegar þú komst yfir?*

Já, já, og óska öllum kynsysturum til hamingju með morgundaginn og vona að vel gangi.

*Já við vonum það.*

Og já, ég var hissa á umskiptunum og það rifjaðist margt upp sem ég hafði kynnt mér um þetta og upplifði að vísu langa ferð um göngin en það var að vísu í gegnum stjórnugeiminn og kom fram á víðavangi án fata og leit að læk eða vatnsfalli og það sem viðtók læknandi ættingjar og vinir og var það mjög merkilegt.

Eru hér ættingjar og vinir og viljum gjarnan koma því á framfæri að Katrín Thoroddsen er á framfara braut og höfum haft samband við þann hnött og merkileg samskipti.

*Já gott að heyra.*

Er ég sérstaklega í sambandi við mitt heimafolk á Seyðisfirði og hér í sveitinni nálægt þeim. Fékk að kynnast því fólki betur.

Já þykir vænt um ykkur og gamla Ísland, er hér frá mörgu að segja en verð ég víst að láta þetta nægja að sinni og reyni að koma síðar.

Kveð ég ykkur þá að sinni og þakka gott hljóð og verið þið sæl.

*Vertu sæl.*